



## Námskeiðslýsing – leiðbeiningar

### Námskeiðsheiti - titill

Þegar námskeið er skipulagt og kynnt á vegum EHÍ er mikilvægt að hafa titil og lýsingu í góðu samræmi við efnistöð. **Titill námskeiðs þarf að endurspeglar vel viðfangsefnið og fanga athyglina.** Námskeiðslýsingin þarf að vera létt læsileg og auðskiljanleg öðrum en sérfræðingum. Þetta hefur þýðingu fyrir almenna markaðssetningu en þúsundir manna heimsækja heimasíðu okkar eða fá tilkynningar um námskeiðin með tölvupósti.

### Stutt námskeiðslýsing

Í stuttri námskeiðslýsingu þarf að koma fram hvers vegna þekking á viðfangsefninu er nauðsynleg eða hvað ávinnist með því að sækja námskeiðið:

- Markmið og tilgangur námskeiðsins
- Hvað ávinnist með því að sækja námskeiðið
- Helstu efnispættir sem farið verður í
- Kennsluaðferðir
- Forkröfur eða fyrir hverja námskeiðið sé

Þessi stutta lýsing er notuð til að markaðssetja námskeiðið á heimasíðu Endurmenntunar, í rafrænum markpóstum og kynningarbæklingum. Hámarkslengd er 15 línur á A4 blaði.

### Löng námskeiðslýsing - dagskrá

Lengri og ítarlegri lýsingu eða tímasetta dagskrá þurfum við helst að fá á sama tíma og stuttu lýsinguna, eða í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en námskeið hefst vegna frekari markaðssetningar.

### Markhópar

Hvert og eitt námskeið EHÍ hefur sérstöðu. Það miðast við þarfir ákveðins markhóps fyrir fræðslu og það þarf að tímasetja það í samræmi við vinnulag og óskir þeirra sem helst myndu sækja það. Við tökum mið af þessu í okkar skipulagi þ.e. þegar ákveðið er hvaða daga og hvenær dags námskeið er tímasett. Æskilegt er að kennarar á námskeiðum leggi okkur lið í markaðssetningunni t.d. við að skilgreina markhópin og þá eins vítt og kostur er og bendi okkur á fagleg tengsl sem nýta má í markaðssetningu. Við erum þakklát allri slíkri aðstoð og góðum ábendingum.